



Staða Vallarstjóra Golfklúbbs Öndverðarness

Laus til umsóknar er staða Vallarstjóra hjá Golfklúbbi Öndverðarness. Um er að ræða 100% stöðugildi Vallarstjóra á 18 holu golfvelli í Grímsnesi. Völlurinn þjónar tæplega 700 meðlimum klúbbsins auk gesta og hefur notið aukinna vinsælda síðustu sumur. Vallarstjóri sér um skipulagningu alls viðhalds og nýframkvæmda við golfvöllinn, ráðningu sumarstarfsmanna, ber ábyrgð á viðhaldi véla, samskipti við stjórn og vallarnefnd ásamt öðrum tilfallandi verkefnum er snúa að vellinum og umhverfi hans.

Hæfniskröfur

- Sjálfstæði og metnaður í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Menntun í viðhaldi golfvalla
- Almenn kunnátta í viðhaldi á vélum og tækjum
- Vinnuvélaréttindi
- Góð mannleg samskipti
- Reynsla af framkvæmdum og vélavinnu mjög æskileg

Golfklúbbur Öndverðarness hefur að bjóða góða aðstöðu, góðan vélakost, samkeppnishæf laun fyrir réttan aðila og jákvætt vinnuumhverfi hjá golfklúbb með sívaxandi umsvif.

Umsóknir ásamt ferilskrá berist á netfangið gogolf@gogolf.is fyrir 15.október 2022